

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 13/1994.

Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði

gegn

(Oddný M. Árnadóttir cand. jur.)

Sjúkraliðafélagi Íslands

(Ragnar H. Hall hrl.)

Félagsdómur.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 10. þ.m. vegna kröfu stefnanda um, að sá dómari í Félagsdómi, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra víki sæti í málinu.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 10. nóvember 1994.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að eftirtöldum starfsmönnum stefnanda, sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt ákvörðun Félagsdóms, og við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Við þingfestingu málsins var af hálfu stefnanda gerð sú krafa að sá dómari í Félagsdómi, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra, Guðmundur Skaftason, víki sæti og ákveðið verði að stefnandi fái að tilnefna mann í dóminn af sinni hálfu í máli þessu.

Af hálfu stefnda eru ekki gerðar athugasemdir við skipan dómsins.

Krafa stefnanda um skipan dómsins er hér til úrlausnar.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til þess að fá viðurkenningu Félagsdóms fyrir því að vegna 3. töluliðar 19. gr. laga nr. 94/1986 sé skylt að manna ákveðin störf á þeim tveimur hjúkrunarheimilum, sem stefnandi á og rekur. Þess vegna telur stefnandi að tilgreindum fjölda félagsmanna í stefnda, (Sjúkraliðafélagi Íslands), sé óheimil þátttaka í verkfalli því sem félagið hafi boðað til frá og með miðnætti 10. nóvember 1994.

Stefnandi sé samtök sem félög sjómanna á félagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafi stofnað til. Stefnandi sé því samband almennra, frjálsra féлага. Stefnandi eigi og reki víðtæka starfsemi í þágu velferðar og heilbrigðis, þ.m.t. Hrafnistuheimilið í Reykjavík og Hrafnistuheimilið í Hafnarfirði, sem eru hjúkrunarheimili fyrir aldraða sjómenn og ekkjur þeirra. Séu heimili þessi í sjálfu sér rekin í almanna þágu.

Stefnandi skipi sjálfur stjórn þessara stofnana og eigi íslenska ríkið þar ekki fulltrúa. Stefnandi njóti hins vegar daggjaldagreiðslna úr ríkissjóði. Stefnandi hafi litið svo á, að hann geti fallið undir 2. gr. laga nr. 94/1986 sé það ákvæði skýrt rýmkaði lögskýringu og muni nú á þeim grundvelli ganga til kjarasamninga við stefnda, Sjúkraliðafélag Íslands.

Krafa stefnanda um að Guðmundur Skaftason víki sæti sem dómari er byggð á því að jafnræðis við skipan Félagsdóms verði ekki gætt, nema hann fái að tilnefna mann í dóminn af sinni hálfu. Heildarsamtök þau, sem stefndi eigi aðild að, BSRB, tilnefni samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 mann í dóminn af sinni hálfu. Samkvæmt sama ákvæði hafi fjármálaráðherra tilnefnt mann af sinni hálfu í stað þess sem Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir samkvæmt 39. gr. laga nr. 80/1938.

Svo sem rakið hafi verið sé stefnandi ekki ríkisstofnun heldur samtök frjálsra féлага sjómanna á tilteknu svæði.

Stefnandi telur að 39. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem fjallar um skipan Félagsdóms, sbr. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 byggji á þeirri grundvallarreglu að tveir af fimm dómendum Félagsdóms séu tilnefndir af málsaðilum eða heildarsamtökum þeim, sem þeir eiga aðild að. Hafi þetta verið viðurkennt af Félagsdómi, sbr. dóma í málum nr. 1/1994 og nr. 11/1994. Túlkun þessi samrýmist skýringu á 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um óháðan og óhlutdrægan dómstól.

Stefnandi byggir á því að hann sé í engum þeim tengslum við íslenska ríkið að eðlilegt sé að telja að dómari sá sem tilnefndur sé af fjármálaráðherra skipi dóm í máli þessu.

Niðurstaða.

Fyrir liggur að um kjarasamningsgerð aðila fer samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en samkvæmt 2. gr. þeirra á stofnun sem uppfyllir skilyrði greinarinnar völ á því,

hvort þau lög skuli taka til kjarasamninga hennar við og starfsmennina. Fyrir liggur í málinu kjarasamningur dags. 8. janúar 1993 milli Hrafnistu DAS í Reykjavík og Hafnarfirði annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar. Í 2. gr. þess samnings segir: „Um kjör starfsmanna Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði sem samningur þessi tekur til, skal farið eftir kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra frá 8. desember 1992.“ Aðrar greinar samningsins bera með sér að starfskjör sjúkraliða hjá stofnuninni eru sniðin eftir starfskjörum sjúkraliða í þjónustu ríkisins, m.a. að um réttindi og skyldur þeirra skuli fara eftir ákvæðum laga nr. 38/1954. Stefnandi hefur lýst yfir því að hann muni ganga til samninga við Sjúkraliðafélag Íslands á grundvelli 2. gr. laga nr. 94/1986. Þannig hefur hann fellt sig undir ákvæði þeirra laga.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 dæmir Félagsdómur í málum sem rísa milli samningsaðila um hverjir falli undir ákvæði 3.–6. tl. 19. gr. Um það snýst efniságreiningur málsins.

Í 27. gr. laga nr. 94/1986 segir að þegar Félagsdómur dæmir í málum sem greinir í 26. gr. nefna annars vegar viðkomandi heildarsamtök stéttarféлага og hins vegar fjármálaráðherra eða Samband íslenskra sveitarféлага dómara til setu í dóminum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sé stéttarfélag utan heildarsamtaka aðili máls fyrir Félagsdómi nefnir það sjálft dómara í það mál. Samsvarandi regla er ekki um þær stofnanir sem 2. gr. laganna tekur til. Hjúkrunarheimili þau sem stefnandi rekur njóta daggjalda úr ríkissjóði. Verður því ekki annað séð, en hagsmunir stefnanda og ríkisins fari þar saman. Þegar til alls þessa er litið verður ekki talið að ójafnræði sé með aðilum um tilnefningu dómara þannig að stefnandi hafi ástæðu til að draga í efa að mál hans sæti meðferð fyrir óvilhöllum dómstóli.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að dómaramum Guðmundi Skaftasyni, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra til setu í dóminum, beri ekki að víkja sæti.

Málkostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Guðmundur Skaftason, sem tilnefndur er af fjármálaráðherra, vîkur ekki sæti í máli þessu.
